

Kristinn J.
10. nov. 85

LÖG SAMTAKA UM KVENNALISTA

1. gr.

Heiti samtakanna er Samtök um Kvennalista. Hér eftir nefnd Kvennalistinn. Lögheimili og varnarþing er í Reykjavík.

2. gr.

Markmið Kvennalistans er að:

- a) auka áhrif kvenna í samfélaginu,
- b) vekja umræðu um stöðu kvenna,
- c) beita sér fyrir bættum kjörum kvenna,
- d) stuðla að því að viskuforði og reynsla kvenna verði nýtt í þágu betra þjóðfélags,
- e) konur, karlar og börn njóta sambærilegra réttinda, þar sem menning beggja kynja fær að njóta sín og kynferði hindrar engan í að sinna þeim störfum, sem hugur stendur til,
- f) vinna með þeim konum sem gegna störfum fyrir Kvennalistann og styðja þær.

3. gr.

Markmiðum þessum hyggst Kvennalistinn ná m.a. með því að fjölga öngum og bjóða fram til Alþingis og sveitastjórna.

4. gr.

Kvennalistinn er opinn öllum sem styðja markmið hans, enda greiði þeir félagsgjöld. Allir fundir eru félögum opnir.

5. gr.

Innan Kvennalistans starfa angar. Lögheimili og varnarþing þeirra eru kjördæmin. Séu fleiri en eitt lögsagnarumdæmi innan hvers kjördæmis ákveði hver angi heimili og varnarþing. Í stórum kjördæmum getur angi

starfað í minni einingum. Innan Landssamtakanna koma þessar einingar fram sem einn angí.

6. gr.

Landssamtök Kvinnalístantans skulu hafa framkvæmdaráð, sem skipað sé konum úr öllum öngum.

7. gr.

Innan Kvinnalístantans skal starfa þingráð og bæjar- eða borgarmálaráð á þeim stöðum þar sem Kvinnalístantinn á fulltrúa í sveitarstjórn. Skulu þessi ráð leitast við að hafa sem mest samstarf sín á milli.

8. gr.

Endanleg ákvörðun í málefnum Kvinnalístantans er í höndum landsfundar. Á milli landsfunda skal hún vera í höndum félagsfunda anganna og þeirra á milli í höndum framkvæmdaráðs og þingráðs. Bæjar- eða borgarmálaráð tekur ákvörðun í þeim málum sem varða sveitarstjórnir, en þó innan þess ramma sem starfsreglur kveða á um.

9. gr.

Framkvæmdanefnd skal starfa innan hvers anga.

10. gr.

Félagsfundur hvers anga kjósi tvær konur í landsfundarnefnd eigi síðar en þrem mánuðum fyrir landsfund. Landsfundarnefnd skal undirbúa og ákveða dagskrá landsfundar í samráði við framkvæmdaráð Kvinnalístantans.

11. gr.

Landsfund skal halda fyrir 15. nóvember ár hvert. Einnig skal halda landsfund sé þess óskað af 1/3 hluta félaga.

12. gr.

Reikningsár skal vera frá 1. október til 30. september. Endurskoðaðir reikningar Kvinnalístantans skulu lagðir fram á landsfundi.

13. gr.

Landsfundur skal kjósa tvo endurskoðendur reikninga Landssamtakanna, sem starfa fram að næsta landsfundi.

14. gr.

Í atkvæðagreiðslu á landsfundi ræður einfaldur meirihluti fundarmanna.

15. gr.

Til þess að breyta lögum þessum þarf 2/3 hluta atkvæða á landsfundi.

16. gr.

Lög þessu skulu endurskoðuð að ári.

Lög þessi tóku gildi á Landsfundi Kvinnalístantans 10. nóvember 1985.